

Föstudaginn 21. júní 1946.

Nr. 49/1945. Skipaútgærd ríkisins (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Hraðfrystihúsi Dýrfirðinga

(Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um öflun frekari skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur er lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt analogíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að afla skýrslna um atriði þau, er nú skal greina:

1. Hvenær viðgerð hafi fram farið á bryggjunni til að bæta úr spjöllum þeim, sem talin eru hafa á henni orðið af völdum e/s Esju 16. desember 1943.

2. Spyrja skal fyrir dómi smíði þá, er að viðgerðinni kunna að hafa unnið, og aðra, er um geta borið, hver spjöll hafi verið á bryggjunni, hvort viðir þeir, er brotnuðu, hafi verið að einhverju leyti úr sér gengnir, svo sem fúnir, maðk-smognir eða laskaðir. Þá ber og að inna þá eftir því, hvort þeir hafi gert sér grein fyrir orsökum bryggjuskemmdanna.

3. Hve mikilli fjárhæð viðgerðarkostnaðurinn hafi numið, og að hve miklu leyti verðmæti bryggjunnar kann að hafa aukizt við það, að nýtt efni kom í stað gamals.

Þá er og rétt, að aðiljar afli gagna um önnur þau atriði, sem öflun framhaldsskýrslanna kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómariinn skal veita aðiljum kost á öflun framangreindra gagna.